

Ingvar Sigurgeirsson, Ingveldur Eiríksdóttir, Jóhanna Thorsteinson og Lilja M. Jónsdóttir í samstarfi við starfsfólk Grunnskólans á Þórshöfn

Jákvæð skólamenning, fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðað nám



*Skýrsla um þróunarverkefni
í Grunnskólanum á Þórshöfn
2012–2013*

Skólastofan slf – rannsóknir og ráðgjöf

Árbraut 3a, Kjós (276 Mosfellsbær)

Jákvæð skólamenning, fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðað nám. Skýrsla um þróunarverkefni í Grunnskólanum á Þórshöfn 2012–2013

ISBN 978-9935-9126-2-6

© 2013 Ingvar Sigurgeirsson, Ingveldur Eiríksdóttir, Jóhanna Thorsteinsson og Lilja M. Jónsdóttir í samstarfi við starfsfólk Grunnskólans á Þórshöfn

Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Formáli

Skólaárin 2011–2013 var unnið markvisst að því að breyta kennsluháttum í Grunnskólanum á Þórshöfn. Haustið 2011 sótti þáverandi skólastjóri, Arnfríður Aðalsteinsdóttir um styrki til Sprotasjóðs og til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla til þess verkefnis. Með því að þróa kennsluaðferðir var markmiðið að bæta skólastarfið, líðan nemenda og starfsfólks.

Strax vorið 2012, þegar ljóst var að skólinn fengi veglegan styrk úr báðum sjóðum, var Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands, fenginn til samstarfs við skólann og hélt hann sinn fyrsta fund með starfsfólki öllu í mars 2012. Haustið 2012 kom Lilja M. Jónsdóttir, lektor við Kennaradeild Háskólans einnig að starfinu sem ráðgjafi. Lokadagur verkefnisins var í maí 2013 þar sem kennarateymi skólans kynntu starf vetrarins og skiluðu skýrslu um þróunarverkefnið.

Það er Grunnskólanum á Þórshöfn mikils virði að hafa fengið þann stuðning sem fékkst við verkefnið úr áðurnefndum sjóðum en segja má að slíkur stuðningur sé ein af forsendum þess að hægt sé að ráðast í svo viðamikil verkefni sem þetta. Fyrir hann ber að þakka.

Samstarf við Ingvar Sigurgeirsson og Lilju M. Jónsdóttur jafnt og þétt yfir veturinn hefur gengið sérlega vel og verið allt í senn: Gefandi, hvetjandi, leiðbeinandi, uppbyggjandi og tilhlökkunarefni í hvert sinn sem þau komu hingað í heimsóknir. Fyrir skóla við ysta haf, fjarri öðrum skólum og gerjun stærri samfélaga er samstarf líkt og við höfum átt við þau, eins og súrefnisskot fyrir þá sem oft á tíðum hafa vindinn í fangið.

Sveitarfélagið, fræðslunefnd og skólaráð hafa stutt við starfið á fjölbreyttan hátt og sýnt því bæði skilning og stuðning. Það er vísast ein af meginforsendum þess að vel takist til í verkefni eins og því sem Langanesbyggð hefur tekið sér á hendur, að byggja upp öflugt skólastarf í byggðinni.

Þá vil ég þakka Maríu Guðmundsdóttur, skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði, samfylgd í þessu verkefni, en hún og samstarfsfólk hennar unnu hliðstætt verkefni sem einnig bar góðan árangur.

Á vordögum 2013

Ingveldur Eiríksdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn

Efnisyfirlit

Formáli	3
Efnisyfirlit	4
Inngangur	5
Innleiðing <i>Byrjendalæsis</i>	7
Inngangur	7
Breyttar aðstæður	7
Markmið	8
Námsmat – læsi	9
Reynsla kennara í dag	16
Verkefni byggt á söguaðferðinni: Evrópuferðir	18
Markmið kennara	18
Námsmarkmið	18
Framkvæmd	18
Fyrri hluti	18
Seinni hluti	19
Lok verkefni – Kynning	21
Námsmat	22
Mat á því hvernig til tókst	22
Áhugasviðsverkefni á unglingastigi	28
1. Áhugasviðsverkefnið KAPPI	28
Mat á því hvernig til tókst	32
2. Heimabyggðin mín	32
Mat á því hvernig til tókst	34
3. Áhugasviðsverkefni að vori	35
Námsmat	35
Mat á því hvernig til tókst	40
Mat á þróunarverkefninu	41
Heimildir sem vísað er til	43

Inngangur

Grunnskólinn á Þórshöfn er annar tveggja grunnskóla í Langanesbyggð. Haustið 2012 voru 76 nemendur í 1.–10. bekk. Nemendur Svalbarðsskóla sækja íþrótt- og sundtíma með nemendum á Þórshöfn, auk þess sem nemendur í 8.–10. bekk á Bakkafirði eru með nemendum frá Grunnskólanum á Þórshöfn í vali, þrjár kennslustundir á viku. Allt þar til í fyrra hafa þessir árgangar grunnskólans á Bakkafirði sótt skóla á Þórshöfn. Nemendur þessara skóla eiga auk þess allir þess kost að sækja tónlistarnám í Tónlistarskóla Þórshafnar.

Vorið 2012 fékk Grunnskólinn á Þórshöfn styrk úr Sprotasjóði til þess að vinna að *jákvæðari og uppbyggilegri skólamenningu, fjölbreyttari kennsluháttum og einstaklingsmiðaðra námi*. Yfirheiti verkefnisins er **Betri skóli, betri líðan nemenda og starfsfólks**.

Markmið verkefnisins, eins og það var skilgreint í umsókn til styrktarsjóða, var að stuðla að jákvæðari skólabrag, fjölbreyttari kennsluháttum og einstaklingsmiðaðra námi. Skólastarf í Grunnskólanum á Þórshöfn hefur undanfarin ár átt undir högg að sækja m.a. vegna alvarlegra agavandamála og neikvæðrar skólamenningar (Árný Elíasdóttir og Inga B. Hjaltadóttir, 2011).

Markmið skólaársins 2012–2013 var að efla enn frekar jákvæð og uppbyggileg samskipti, bæði nemenda og starfsfólks annars vegar og foreldra og starfsfólks skólans hins vegar. Verkefnið fjallaði um innleiðingu faglegra og fjölbreyttara skólastarf eins og kveðið var á um í Aðalnámskrá grunnskóla (2007).

Í úttekt Menntamálaráðuneytisins (2011) kom m.a. fram „að kennsluhættir á mið- og unglíngastigi, þar sem agavandamál hafa verið hvað mest, eru fremur einhæfir og hvorki mikið um lýðræðislega þátttöku nemenda, val, né verklegar aðferðir sem gæti hugsanlega dregið úr neikvæðum samskiptum og stuðlað að jákvæðari sjálfsmynd nemenda í skólastarfi. Í úttektinni kom fram að vilji er fyrir því að byggja upp faglegra og fjölbreyttara skólastarf. Því er lagt til að skólinn hefji markvissa og skipulega skólaþróun sem viðleitni til umbóta í skólanum“ (bls. 51).

Strax í upphafi tengdist Grunnskólinn á Bakkafirði verkefninu, en kennarar á Bakkafirði voru gjarnan með á starfsdögum og einnig fóru þeir af stað með eigið þróunarverkefni þar sem unnið var í svokölluðum vinnustofum að fjölbreyttum verkefnum sem skilað var á jafnvel enn fjölbreyttari hátt. Kennararnir á Bakkafirði skila sérstakri skýrslu um þetta verkefni sitt og grein um þetta starf mun væntanlega birtast í *Netlu – vefriti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands* síðar á þessu ári.

Verkefnið stóð frá mars 2012 fram í maí 2013. Haustið 2012 voru stofnuð teymi 1.–4. árgangs, 5.–7. árgangs og 8.–10. árgangs. Teymin skyldu funda að minnsta kosti vikulega og halda gerðarbækur þar sem farið væri yfir komandi verkefni, gerð grein fyrir því hvernig til hefði tekist og næstu skrefum lýst. Að teymunum komu einnig aðrir starfsmenn sem vinna með viðkomandi árgöngum. Er líða tók á verkefnið voru það þó einkum kennarar sem unnu

að skýrslugerð og úrvinnslu þróunarverkefnanna, þó allir starfsmenn skólans hafi komið að vinnu þeim tengdum, á einn eða annan hátt.

Eins og fram kemur í formála voru þau Ingvar Sigurgeirsson og Lilja M. Jónsdóttir fengin til samstarfs við verkefnið sem ráðgjafar. Samstarf við þau var með þeim hætti að þau komu í reglulegar heimsóknir í skólann og funduðu með starfsfólki. Alls urðu þetta sex heimsóknir. Þau héldu fræðsluerindi, stýrðu vinnufundum, unnu með teymum og ræddu við starfsfólk og nemendur. Kolbrún Ada Gunnarsdóttir kom á haustdögum og kynnti áhugasviðsverkefni á unglíngastigi í Borgarhólsskóla. Auk þessa hélt skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn nokkur fræðsluerindi um námsmat og skapandi skólastarf á sameiginlegum fundum kennara auk þess sem hún vann að kennsluráðgjöf.

Jóhanna Thorsteinson er leiðtogi Grunnskólans á Þórshöfn í *Byrjendalæsi* og hefur sótt ýmis námskeið og fundi á vegum verkefnisins, auk þess sem hennar hlutverk sem leiðtoga er að miðla, fylgjast með kennslu og veita kennurum endurgjöf.

Verkefni sem þessu lýkur aldrei. Skólaþróun er viðvarandi verkefni skóla sem vill ná árangri. Einn mikilvægasti þáttur þróunarverkefna er að gera skólaþróunina sjálfbæra, festa hana í sessi, setja það sem gekk vel í áframhaldandi ferli, móta vinnulag og hefðir; styrkja skólasamfélagið til áframhaldandi góðra verka.

Grunnskólarnir í Langanesbyggð hafa stigið fyrstu skrefin og mikilvægt er að halda starfinu áfram. Það er því sérlega ánægjulegt að bæði Sprotasjóður og Endurmenntunarsjóður grunnskóla veittu Grunnskólanum á Þórshöfn styrki til þess að vinna frekar að bættri skólamenningu og innleiðingu nýrrar aðalnámskrár.

Líney Sigurðardóttir, Sveinbjörg Jóhannesdóttir, auk Arnheiðar Jónsdóttur og Petru Kristjánsdóttur

Innleiðing Byrjendalæsis

Inngangur

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi fyrir 1.–4. bekk, þróuð á vegum skólaþróunar-sviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri undir forystu Rósu Eggertsdóttur (Háskólinn á Akureyri, 2009).

Skólaþjónsta Norðurlands byggði í upphafi upp á sameiginlegt þróunarverkefni fimm skóla; Grunnskólans á Þórshöfn, Svalbarðsskóla, Grunnskólans á Bakkafirði, Reykjahlíðarskóla og Þingeyjarskóla, Litlu Laugum í samstarfið við HA. Þannig náðist fram nokkur hópur kennara sem ynnu að verkefninu og samstarf skólanna myndi styrkja undirstöður áframhaldandi vinnu í *Byrjendalæsi* auk þess sem af samstarfinu yrði mikið hagræði því vegalengdir hér eru miklar.

Í hverjum skóla er einn leiðtogi sem hefur umsjón með verkefninu og sækir hann jafnframt ráðstefnur, fundi og fræðslu í tengslum við verkefnið og miðlar til hlutaðeigandi kennara. Auk þessa eru haldnar smiðjur þar sem allir kennarar koma saman, fræðast og miðla reynslu sinni. Í byrjun verkefnisins fóru kennararnir á námskeið hjá ráðgjafa frá Háskólanum á Akureyri og síðan hafa ráðgjafar frá Háskólanum komið til Þórshafnar með nokkuð reglulegu millibili og verið með um fjögurra klukkustundar smiðjur auk þess sem þeir fundu með kennurum, skólastjóra og leiðtoga.

Breyttar aðstæður

Haustið 2011 hófst verkefnið með þátttöku þriggja kennara auk verkefnisstjóra. Verkefnið fór hægt af stað og voru ólíkar skoðanir innan kennarahópsins á ágæti þess. Engu að síður var haldið áfram við innleiðinguna, smiðjur haldnar og leiðtogi þjálfaður. Innleiðingin gekk þó hægar en ráðgert var í upphafi og enn hægðist á vinnuferlinu vegna breytinga sem urðu í kennaraliðinu.

Haustið 2012 tók nýr verkefnisstjóri við *Byrjendalæsinu* á Þórshöfn, Jóhanna Thorsteinson. Teymi 1.–4. árgangs hélt áfram vinnu fyrra árs. Um áramótin 2012 – 2013 urðu nokkrar breytingar á kennslufyrirkomulagi og í kennarahópnum. Nýir kennarar komu inn og mótaði það nokkuð vinnu í *Byrjendalæsi* fram á vorið. Reglulegir fundir voru haldnir og *Byrjendalæsi* komst á gott skrið er leið á vorönn.



Markmið

Aðalmarkmiðið í *Byrjendalæsi* er að efla læsi og lestrarkennslu á yngsta stigi grunnskólans og að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á grunnskólagöngu sinni. Litið er á læsi sem grundvallarfærni sem gengur þvert á allar námsgreinar og er undirstaða annars náms og raunar allrar þátttöku í samfélaginu. Því er mikilvægt að heimili og skóli séu samstíga í því að styrkja læsi barna.

Viðhorf til náms og kennslu í *Byrjendalæsi* eru í anda hugsmíðahyggjunnar sem gengur í raun út á það að nemendur læri með því að byggja ofan á fyrri reynslu og þekkingu. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna.

Grunnstoðir *Byrjendalæsis* eru:

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir. Merkingarbær viðfangsefni
- Náms er félagslegt ferli - samvinna
- Unnið út frá gæðatexta – alvöru bækur, alvöru texti
- Einstaklingsmiðun í kennslu
- Náms án aðgreiningar
- Samvinna nemenda í námi

Byrjendalæsið hentar vel til að þjálfa alla þætti læsis á einstaklingsgrundvelli. Grunnþættir lestrarferlisins eru ekki kenndir í aðskildum verkefnum, heldur er unnið með orðaforða, skilning, tjáningu og sköpun jöfnum höndum. Mikið er lagt upp úr sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda og að efla lesskilning þeirra. Alltaf er unnið með merkingarbæran gæðatexta sem líklegur er til að kveikja áhuga nemenda. Þessi sami gæðatexti er notaður í öllu lestrarferlinu og unnin úr honum ýmis verkefni, fyrst frá heildinni, síðan unnið sundurgreinandi með textann (eindaraðferð) og í lok hvers verkefnis er enduruppbygging, þar sem aftur er unnið út frá heildartextanum. *Byrjendalæsið* skiptist þannig í þrjú þrep, samkvæmt framansögðu:

Á fyrsta þrepi les kennarinn með börnunum, gjarnan í heimakrók og nemendur kynnast gæðatexta. Þeir eru hvattir til forspár, þ.e. að spá fyrir um framhald og innihald bókarinnar eða textans og myndirnar skoðaðar. Á öðru þrepi vinna nemendur með ýmsa tæknilega þætti lesturs í fjölbreyttum verkefnum (t.d. sundurgreinandi og samtengjandi viðfangsefni, hljóðvitundar verkefni, skoðun á ritmáli) og á þriðja þrepi semja nemendur efni á grunni upphaflegs texta. Áhersla er lögð á sýnikennslu og samvinnu nemenda í fjölbreyttum verkefnum, sem stuðla að því að nemendur verði sjálfstæðir lesarar. Þegar kennari hefur valið lestrarbók ákveður hann þau markmið sem hann vill ná fram með kennslunni og semur kennsluáætlun með hliðsjón af bókinni.


Eftir lestur bókarinnar hefst jafnan vinna með lykilorð, sem byggir á því að valin eru ákveðin orð úr textanum sem notuð eru til þjálfunar ýmis konar lestrarfærni. Að því loknu er unnið með textann með hliðsjón af þeim markmiðum sem kennari setur, en hverri kennsluáætlun fylgja jafnan fjölbreytt verkefni sem kennari býr til út frá námsmarkmiðunum. Verkefnin eru ýmist einstaklings- eða hópvinnu, í hringekju eða stöðvavinnu, eftir eðli þeirra og getu nemenda.

Að þessari sundurgreinandi vinnu lokinni tekur við enduruppbyggingin þar sem nemendum gefst kostur á að vinna með og efla skapandi hugsun.


Námsmat – læsi

Mat á læsi fór fram með tvennum hætti. Annars vegar var hefðbundnum raddlestrarprófum beitt og talin atkvæði sem barnið las á mínútu og hins vegar var framkvæmd skimun á nemendum í 1. og 2. bekk. Skimunartækið var *Læsi* fyrir 1. – 2. bekkinn og *Lesmál* fyrir 2. bekk að vori.

Fyrsta læsissskimunin fór fram í báðum bekkjunum 26. nóvember, önnur skimun 4.–5. febrúar og þriðja skimun 17. –19. apríl, en þá var lagt fyrir 2. bekkinn *Lesmál* sem er mat á lestri og réttritun eftir Rósu Eggertsdóttur og Sigurgrím Skúlason. Læsissskimunin sem lögð var fyrir nemendurna er þýdd og staðfærð úr norsku og önnuðust þau Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir íslenskun þess. Þróunarverkefnið *Byrjendalæsi* notar *Læsi*, *lestrarskimun fyrir 1.–2. bekk* sem mælikvarða á árangur í læsi. Ætlast er til þess að 60% nemenda sýni árangur yfir 60% á skimunarprófunum. Niðurstöður úr skimununum eru sem hér segir:




Árangur Grunnskólans á Þórshöfn í samanburði við alla aðra Byrjendalæsissskóla. Af 1459 nemendum í grunnskólum á landsvísu þeyttu 1417 þetta próf og náðu 68% þeirra yfir 60% meðaltalsárangri. Allir 10 nemendur 1. bekkjar þeyttu prófið. Aðeins 30% þeirra náðu yfir 60% árangri.




Árangur Grunnskólans á Þórshöfn miðað við árangur annarra Byrjendalæsissskóla á landsvísu. Alls þeyttu 1526 af 1593 nemendum prófið og náðu 65% þeirra yfir 60% meðaltalsárangri. Á Þórshöfn voru 6 af 7 nemendum sem þeyttu prófið og náðu 33% þeirra yfir 60% árangri.

Þessi árangur vakti vissulega viðbrögð og sýndi að full þörf væri á að spýta í lófana. Staðan var tekin með kennurum byrjendastigsins og þeir hvattir til að taka fastar á verkefninu.


Næsta skimun var í febrúar. Hún gaf talsvert aðra mynd af ástandinu:



Samanburður á niðurstöðum í Grunnskólanum á Þórshöfn og öðrum Byrjendalæsissskólum. Alls þeyttu 1507 af 1553 nemendur prófið og náðu 83% þeirra yfir 60% árangri. Á Þórshöfn tóku allir 9 nemendur prófið og náðu 78% þeirra yfir 60% árangri.



Árangur nemenda á Þórshöfn miðað við árangur allra Byrjendalæsissskóla. Alls þreytti 875 nemandi af 924 prófið og náðu 62% þeirra yfir 60% árangri. Í Grunnskóla Þórshafnar tóku allir 6 nemendur prófið og náðu 67% þeirra yfir 60% árangri.



Árangur nemenda á Þórshöfn miðað við aðra skóla á landsvísu. Alls þreytti 875 af 924 nemendum prófið og náðu 62% þeirra meira en 60% árangri. Á Þórshöfn þreyttu 6 nemendur prófið og náðu 67% þeirra meira en 60% árangri.

Eins og sjá má náðist verulegur árangur. Allur þorri nemendanna var nú kominn yfir 60% múrinn og framfarir greinilega góðar.

Samanburður úr þriðju skimuninni er ekki kominn frá HA þegar þessi skýrsla er rituð. En niðurstöður úr skimuninum hér á Þórshöfn eru sem hér segir:

Af níu nemendum í 1. bekk voru tveir með óviðunandi árangur. Meðalárangur yfir bekkinn mældist þó 68%. Þrír af sjö nemendum í 2. bekk skiluðu óviðunandi árangri. Meðaltal úr skimuninni var 68% og er þá undanskilinn einn af þremur nemendum, en hann er ennþá ólæs.

Það er því óumdeilt að Byrjendalæsi hefur skilað mikilvægum árangri í læsi hjá nemendum 1.–2. bekkjar.

Það er vert að geta þess að talsverður hópur nemenda Grunnskólans á Þórshöfn er með virkt tvítýngi. Þessir nemendur eru flestir pólskir að uppruna og búa í pólskum menningarheimi á heimilum sínum, auk þess sem nokkur hópur þessarra nemenda dvelst sumarlangt í Póllandi og nýtur ekki örvunar í íslensku á meðan. Því þarf að veita þeim góðan stuðning.

Byrjendalæsi er lestrarkennsluaðferð sem byggir á heildaraðferð. Í slíkri kennsluaðferð er eðlilegt og sjálfsagt að samþætta námið við aðrar námsgreinar eins og náttúrufræði og samfélagsfræðigreinar, auk stærðfræðinnar og var það gert í vetur eftir því sem tækifæri gáfust til þess.


Annað mat á læsi/lestri í Grunnskólanum á Þórshöfn byggðist á raddlestrarprófum og lesnum atkvæðum á mínútu. Skemmst er frá því að segja að í ágústlok hófst mat á lestrinum hjá öllum nemendum frá 2.–10. bekk. Kom strax í ljós að ástandið var ekki ásættanlegt. Nemendur voru að lesa talsvert undir viðmiðum fyrir sinn aldurshóp.

Því var ákveðið að gera sérstakt lestrarátak yfir allan skólann, að 1.–2. bekk undanskildum. Fenginn var kennari til að koma og stjórna yndislestri frá október til desember 2012. Var nemendum skipt upp í litla hópa og komu þau úr öðrum tímum í skólanum til að lesa saman. Arnheiður Jónsdóttir kennari var ráðin til að annast þetta verkefni.


Hún mat lestrarhraða nemendanna í upphafi og lok tímabilsins og sýndu mælingar góðan árangur hjá nærfellt öllum nemendum. Allir nemendur bættu lesinn atkvæðafjölda sinn í lok tímabilsins og sumir umtalsvert.

Lestrargetu nemenda Grunnskólans á Þórshöfn þarf að bæta verulega, sérstaklega á unglíngastiginu.


Hér má sjá meðaltal unglíngastigs og miðstigs í lestri fyrir skólaárið 2012–2013:



Meðaltalsárangur mælinga í raddlestri á unglíngastigi skólaárið 2012–2013.



Meðaltalsárangur í raddlestri á miðstígi skólaárið 2012–2013.



Meðaltalsárangur í raddlestri fyrir 3.–4. bekk skólaárið 2012-2013.

Viðmið fyrir raddlestur má sjá á þessari töflu

Bekkur	Atkvæði á mínútu
1.	10–60
2.	50–110
3.	100–170
4.	160–210
5.	200–250
6.	250–300
7.–10.	300–350



Skapandi starf í *Byrjendalæsi*: Nemendur búa til sögu svið og persónur og undirbúa að segja eigin sögu.

Reynsla kennara í dag

Reynsla okkar kennaranna sem vinna með *Byrjendalæsið* er margþætt auðvitað hefur *Byrjendalæsi* sína kosti og galla. Við erum erum þó allar sammála um að samþætting námsefnis og fjölbreytni er einn af stórum kostum *Byrjendalæsis*.

Í byrjun upplifðu kennarar verkefnið sem yfirþyrmandi, nánast botnlausu vinnu og nokkurs óöryggis gætti. Upplifun okkar er sú að námsgögn þurfi að vinna frá grunni hverju sinni út frá þeirri lestrarbók varð fyrir valin og útbúa þurfti nákvæma kennsluáætlun. Þar þarf að skilgreina markmið og búa til fjölbreytt verkefni sem hæfðu markmiðunum, innan ákveðins tímaramma. Þetta tekur mikinn tíma að læra svo verkefnaival og leiðir að markmiðum verði ekki einhæfar. Þetta getur verið erfitt í samkennslu, einkum þegar getumunur er mikill á yngsta stigi, en krafa er um að verkefni hafi nemendum á öllum getustigum. Til að ná markmiðum þarf oft að búa til margar útgáfur af verkefnum af ólíku þyngdarstigi.

Kostirnir eru líka margir, einkum þegar kennari hefur þjálfast og öðlast öryggi í aðferðinni.

Byrjendalæsið er vissulega lifandi kennsluáferð og fjölbreytt. Kennari hefur frjálsar hendur með val á námsefni sem hann getur útfært sjálfur í samræmi við þau markmið sem hann vill ná fram hverju sinni, áhuga og áherslur sín og nemendahópsins. Þetta þjálfar einnig kennara í því að setja fram skýr markmið, því hver kennsluáætlun í *Byrjendalæsinu* er unnin út frá þeim markmiðum sem kennarinn setur í upphafi og vill þjálfra.

Lokaúrvinnsla hvernar áætlunar býður einnig upp á margar leiðir; svo sem leikrit, kynningar, myndræna úrvinnsla og samvinnuverkefni henta oft mjög vel. Mikið er einnig lagt upp úr því að gera námsefnið líflegt og skemmtilegt og þjálfa nemendur í því að miðla þekkingu sinni til annarra á fjölbreyttan hátt. Kennurum og nemendum er einnig í lófa lagið að að búa til leiki í tengslum við námsefnið svo sem eins og spilaleiki.

Heba Pétursdóttir, Jónína Sigríður Þorlákssdóttir, Vilborg Stefánsdóttir og Ólína Ingibjörg Jóhannsdóttir

Verkefni byggt á söguáferðinni: Evrópuferðir

Um er að ræða samþætt verkefni á miðstigi sem náði til samfélagsfræði, íslensku, náttúrufræði, heimilisfræði, upplýsingatækni, stærðfræði og lífsleikni.

Markmið kennara

- Að kynnast beitingu fjölbreyttra kennsluáferða, teymiskennslu, samþættingu námsgreina
- Að nálgast námsefnið á áhugaverðan og fjölbreyttan hátt

Námsmarkmið

Að nemendur ...

- Kynnist skapandi skólastarfi og óhefðbundnum kennsluáferðum
- Þjálfist í að vinna saman í hóp og eiga jákvæðari samskipti sín á milli
- Taki ábyrgð á eigin námi, hafi metnað og vandi vinnubrögð
- Kynnist mismunandi leiðum við að afla sér upplýsinga
- Þjálfist í að nota ímyndunaraflíð, skiptast á hugmyndum, miðla þekkingu til annarra sem og læra af öðrum
- Æfi sig í framkomu og mannsiðum
- Efli rökhugsun, og öðlist aukið sjálfstæði

Framkvæmd

Verkefnið skiptist í tvo þætti sem hér verða kenndir við fyrri og seinni hluta:

Fyrri hluti

Byggt var á hugmyndum úr bókinni *Skapandi skólastarf* (Lilja M. Jónsdóttir, 1995). Lagt var upp með spurninguna: *Hvað þarf maður að vita um land til að vita um land?* Nemendur ræddu þetta með kennaranum, komu með hugmyndir og ræddu hvaða lönd þau hefðu heimsótt sjálf og þá hverju þau hefðu kynnst. Farið var í hugstormun (e. brainstorming) þar sem notaðir voru papparenningar og hugmyndir skrifaðar upp. Nemendur voru hvattir til að hugsa um hvað einkennir lönd, hvað er ólíkt með þeim og hvað gerir þjóð að þjóð og land að landi. Nemendur söfnuðu svo upplýsingum um lönd í Suður-Evrópu, eitt A4 blað var gert um hvert land og safnað í möppur sem þau bjuggu einnig til og myndskreyttu. Þau gerðu líka gróðurfarskort af Evrópu og bjuggu til stórt Evrópukort og skreyttu það með þjóðfánnum hvers lands. Í tengslum við þetta voru gerð samstæðuspil sem byggðist á því að land og höfuðborg voru pöruð saman.



Nemendur leika samstæðuspil sem þeir hafa búið til.

Seinni hluti

Seinni hluti verkefnisins hófst á hugstormun. Lagt var upp með þá kveikju að nú þegar nemendur væru orðnir sérfræðingar í Evrópuferðum, hvernig þeir gætu nýtt sér þá vitneskju. Nemendur voru leiddir enn frekar áfram og spurðir við hvað þeir gætu farið að vinna með þessa vitneskju í farteskinu. Komu nemendur með fullt af hugmyndum um störf sem þeir gætu unnið og komu sjálfir með þá hugmynd að þeir gætu stofnað ferðaskrifstofu. Var það þegar gripið á lofti, enda algjörleg í anda sögurammans sem lagður var til grundvallar í kennsluáætluninni.

Nemendum var síðan skipt í hópa eftir niðurstöðum úr tengslakönnun sem lögð var fyrir þannig að allir væru með einhverjum í hópi sem þeir höfðu sjálfir valið (sjá bls. 24).

Þegar hópamyndun var lokið hófst vinnan við að stofna ferðaskrifstofu. Stofnaði hver hópur eina ferðaskrifstofu og byrjaði á að velja henni nafn og ákveða hvaða lands þá langaði að ferðast til. Einnig ákváðu hópmeðlimir innbyrðis hvaða starfi þeir myndu gegna í ferðaskrifstofunni, auk þess sem einn hópmeðlimur fór í hlutverk ferðamannsins. Voru nemendur ekki lengur bundnir við Suður-Evrópu og voru þeir hvattir til þess að kynna sér lönd sem þeir vissu minna um. Gerðu nemendur hugarkort (e. mind



map) varðandi hvað ætti að vera inni á ferðaskrifstofu eftir ákveðnu þema (e. concept) sem hópmeðlimir ákváðu að ætti að einkenna ferðaskrifstofuna. Var þetta þema ákveðið með hliðsjón af því hver markhópur ferðaskrifstofunnar væri, þ.e. hverjir væru líklegustu viðskiptavinirnir, hvort ferðirnar væru fjölskylduvænar eða fyrir einstaklinga og þá hvernig ferðir ferðaskrifstofan ætlaði að bjóða, t.d. menningarferðir, útivistarferðir eða bændaferðir.

Því næst voru gerð auglýsingaskilti fyrir ferðaskrifstofuna þar sem fram kom nafn hennar, til hvaða lands ferðaskrifstofan væri að selja ferðir, hvernig ferðir væru í boði og stutt lýsing ásamt slagorði.



Nemendur bjuggu til persónu sem átti að endurspegla stöðu hennar innan ferðaskrifstofunnar. Með persónunni fylgdi síðan persónubók með upplýsingum um hana, m.a. nafn, aldur, menntun, kyn, áhugamál og bakgrunnur (sjá mynd).

Þá var farið í að hanna líkan af ferðaskrifstofunni sjálfri með hliðsjón af hugarkortunum og var hún höfð í þrívídd. Lögð var áhersla

á að hönnun hennar væri í takt við þá ímynd eða þema sem ferðaskrifstofan vildi hafa og þá til hvaða staða ætti að selja ferðir. Nemendur leituðu sér síðan upplýsinga um landið og hvað væri helst hægt að gera þar. Þegar búið var að safna fróðleik gerði hver ferðaskrifstofa bækling með upplýsingum um landið, sögu þess og menningu. Einnig settu nemendur saman pakkaferðir með afþreyingarkostum, flugfari, fæði og gistingu, gerðu kostnaðaráætlun og settu inn í bæklingana. Þá útbjuggu þeir gengistöflu og fundu út hvað venjuleg máltíð myndi kosta í hverju landi. Fór þetta einnig inn í bæklingana. Fengnir voru bæklingar frá raunverulegum ferðaskrifstofum sem nemendur gátu skoðað til að fá hugmyndir. Hver ferðaskrifstofuhópur hannaði svo merki (e. logo) sem átti að vera einkennandi fyrir þeirra fyrirtæki. Þetta merki var svo sett bæði á bæklinginn og á auglýsingar frá ferðaskrifstofunum. Búnir voru til farseðlar og miðar fyrir pakkaferðir sem að viðskiptavinir gátu skrifað undir og valið þar úr mismunandi ferðamöguleikum eða afþreyingarpökkum.

Að lokum settu nemendur upp bása inni í kennslustofu þar sem þeir settu upp fyrir lokakynningu allar afurðir verkefnisins. Komu nemendur sjálfir með hugmyndir að uppsetningu og skrauti og leituðu upplýsinga um hvað helst væri einkennandi fyrir hvert land eða þær ferðir er selja ætti.

Lok verkefnis – Kynning

Verkefnið endaði á kynningu / foreldrakaffi í grunnskólanum þar sem nemendur opnuðu ferðaskrifstofur sínar og gengu inn í hlutverk þeirra persóna sem þeir höfðu skapað. Þurftu nemendur þar að kynna ferðaskrifstofuna, löndin og ferðapakkana sem þeir höfðu búið til á lifandi og skapandi hátt til að reyna að selja sem flestar ferðir.



Frá lokakynningu. Foreldrar kaupa sér ferðir!

Þá útbjuggu nemendur meðlæti með kaffinu í heimilisfræðitímum fyrir um daginn til að foreldrar gætu fengið að gæða sér á einhverju meðan á kynningunni stæði. Nemendur voru búnir að finna ýmislegt sem var einkennandi fyrir þá áfangastaði og afþreyingu er þeir buðu upp á á ferðaskrifstofum sínum og stilltu þessu upp í ferðaskrifstofubásunum. Sem dæmi má nefna að starfsmenn ferðaskrifstofunnar *For Really Big Mistakes* sem seldi adrenalínskiða- og brettaferðir til Sviss, voru með snjóbrettagleraugu á höfðinu og húfur og höfðu snjóbretti og fleira til skrauts. Einnig voru starfsmenn ferðaskrifstofunnar *Voyager*, sem seldi menningarferðir til Parísar, með alpahúfur á höfðinu og buðu viðskiptavinum sínum upp á osta og vínber.



Námsmat

Námsmat var byggt á eftirfarandi þáttum:

- Símati kennara, þ.e. mat á samvinnu innan hópa, einstaklingsframlagi, ábyrgð, sjálfstæði hópmeðlima og lokaafurð.
- Sjálfsmat nemenda þar sem þeir máttu eigið framlag til verkefnisins auk þess að nefna hvað gekk vel og hvað hefði mátt bæta.
- Eftir fyrri hluta verkefnisins drógu nemendur miða með löndunum sem unnið var með og undirbjuggu svo stutta kynningu á því, þar sem þeir máttu nota þau gögn og upplýsingar er þeir höfðu safnað saman í verkefninu. Kennari gaf svo hverjum nemanda umsögn.
- Foreldramat var gert á ferðaskrifstofukynningu. Foreldrar fóru á milli ferðaskrifstofa, spurðu starfsmenn þeirra út úr og keyptu svo í sumum tilvikum miða. Þeir lögðu svo mat á framsetningu, framsögn, sölumannshæfileika og þekkingu sölumannanna.

Mat á því hvernig til tókst

Fyrri hluti verkefnisins tókst vel að því leyti að nemendur þróuðu með sér aukið sjálfstæði og ábyrgð gagnvart verkefninu sem og almennt í skólastarfinu. Verkefnið opnaði einnig augu þeirra fyrir fjölbreyttara skólastarfi og því að fleiri leiðir er hægt að fara í námi en að læra á bókina. Vinnusemi nemenda var framan af mjög góð en þar sem verkefnið dróst heldur á langinn var kominn viss leiði í hópinn.


Afraksturinn var falleg mappa, sem nemendur bjuggu sjálfir til, með lítrikum skreytingum og lýsingu á löndum Suður-Evrópu. Þar sem mun hægar gekk en áætlað var, varð verkefnið heldur einhæfara en lagt var upp með og ekki tókst að fara yfir allt það efni sem upphaflega hafði verið gert ráð fyrir.


Seinni hluti verkefnisins var mun fjölbreyttari og frjálssari og réðu nemendur þar ferðinni meira sjálfir. Lagt var upp með að fá nemendur til að koma sjálfir með hugmyndir og þess vænsta að þar með yrðu þeir viljugri til að framkvæma þær. Tókst þetta mjög vel og voru nemendur ánægðari með sig fyrir vikið. Gaman var að sjá að mörgum nemendum, sem alla jafna gengur ekki vel að læra á bókina, gekk vel og náðu að njóta sín í þessu verkefni.

Mjög misjafnt var hversu sjálfstæðir nemendur voru. Hjá sumum gekk samvinna innan hópa og verkaskipting mjög vel meðan meira þurfti að verkstýra öðrum nemendum og hópum. Gaman var að sjá hversu vel nemendur nýttu sér vitneskju bekkjarfélaga sinna og lærðu þess vegna af vel heppnuðum hugmyndum sem og mistökum þeirra.

Sú leið að nota tengslakönnun við að skipta nemendum í hópa gekk í flestum tilvikum mjög vel. Verkefnið teygðist fremur á langinn eins og áður sagði og voru því sumir orðnir fremur þreyttir á því.

Kennsluáætlanir hefðu mátt vera markvissari og tímarammi afmarkaðri og er þar helst reynsluleysi okkar sem að verkefninu stóðu um að kenna, en engin okkar hafði unnið sambærilegt verkefni áður. Sum atriði voru mun lengur í framkvæmd en gert hafði verið ráð fyrir, auk þess sem oft var erfitt fyrir nemendur að koma sér í gang. Ekki borgaði sig til dæmis að byrja að vinna í verkefninu ef ekki var hægt að áætla tvöfaldan tíma eða meira í það. Tíð veikindi bæð nemenda og starfsmanna hafði einnig talsverð áhrif. Segja má að sjálfstraust okkar sem komum að þessu verkefni hefur aukist og einnig trú okkar á verkefnum sem þessum. Greinilegt er að það er í góðu lagi að gefa nemendum frjálssari hendur í skólastarfinu og ánægjulegt að sjá hversu sterka ábyrgðarkennd þeir hafa gagnvart verkefnum sínum. Afar skemmtilegt er að sjá hvernig sjálfstraust nemenda og og trú þeirra á sínum eigin hugmyndum og hæfni til að framkvæma hefur aukist jafnt og þétt frá því að fyrst var hafist handa við þessa vinnu.

 Grunnskólinn á Þórshöfn



Nafn: _____

▶ 1. -7. árgangur

.....

Tengslaakönnun og könnun á líðan nemenda í skólanum.

Febrúar 2013



Með hvaða bekkjarfélaga þínum viltu leika þér? Settu þann sem þú vilt helst vera með númer 1 og svo koll af kolli.

1. _____
2. _____
3. _____



Með hvaða bekkjarfélaga þínum viltu vinna hópvinnu? Settu þann sem þú vilt helst vinna með númer 1 og svo koll af kolli.

1. _____
2. _____
3. _____

Grunnskólinn á Þórshöfn

		Já	Já	Nei	Nei
1	Mér finnst gaman í skólanum.				
2	Við fáum allt of erfið verkefni í skólanum.				
3	Ég kviði fyrir að fara í skólann á morgnana.				
4	Það er erfitt að læra í skólanum.				
5	Það er oft hávaði og læti í bekknum.				
6	Ég lendi oft í árekstrum við bekkjarfélagana.				
7	Ég hlakka til að fara í skólann á morgnana.				
8	Ég mundi vilja hætta í skólanum.				
9	Það er oftast gott næði til að vinna í skólanum.				
10	Ég er oft þreytt(ur) í lok skóladagsins.				
11	Mér er oft strítt í skólanum.				
12	Ég stríði oft öðrum krökkum í skólanum.				
13	Ég má alltaf vera með í frímínútum.				



Já Já Nei **Nei**

14	Mér finnst kennarinn ekki hafa nógan tíma til að hjálpa mér.				
15	Ég held að hinum krökkunum finnist gaman í skólanum.				
16	Mér líður illa í skólanum.				
17	Kennarinn hrósar mér oft.				
18	Mér finnst kennarinn oft óréttlátur.				
19	Við fáum of létt verkefni í skólanum.				
20	Það eru alltaf sömu krakkarnir sem láta illa í tímum.				
21	Kennarinn skammar okkur oft.				
22					



Áhugasviðsverkefni á unglingastigi


Á unglingastigi var ráðist í þrjú viðfangsefni undir merkjum þróunarverkefnisins. Þau voru:

1. Á haustönn (29. október til 29. nóvember) var fengist við áhugasviðsverkefni sem kennt var við KAPPA.
2. Í desember (3. til 15. desember) var verkefnið *Heimabyggðin mín*.
3. Á vorönn (6. til 16. maí) var aftur tekið til við áhugasviðsverkefni, en nemendum að þessu sinni gefnar mun frjálsari hendur um útfærslu en áður.

1. Áhugasviðsverkefnið KAPPI

Í þessu verkefni var nemendum boðið að vinna að verkefni eftir áhugasviði sínu. Stuðst var að nokkru við hugmyndir og gögn sem kennararnir höfðu kynnst hjá Borgarhólsskóla á Húsavík.

Við kynningu verkefnisins var þessum spurningum brugðið upp:



Nemendum voru gefnar frjálsar hendur með val á viðfangsefni og kynningu, en verkefnið átti að tengjast upplýsingatækni og samfélagsfræði. Nemendur unnu ýmist einir eða í hópum og gerðu sér hugtakakort og vinnuáætlun (sjá bls. 30) í upphafi. Jafnframt var gert ráð fyrir því að haldin væri dagbók um verkefnið þar sem skráð var vinna eftir hvern tíma, áætlun fyrir næsta tíma, gerð grein fyrir vandamálum sem upp komu og mat lagt á vinnuna. Stuðst var við sérstakt eyðublað fyrir dagbókina (sjá mynd).

Dagbók hópsins

+	Nöfn:
	Dags:
	Vinna dagsins – stóðst hún áætlun?
	Komu upp vandamál – hvaða?
	Hversu virk voruð þið í dag?
	Nýting á tíma í %:
	Áætlun næsta tíma:

Þá var gengið úr frá því að nemendur héldu öllum gögnum um verkefnið til haga í safnmöppu.

Við kynningu verkefnisins voru nemendum einnig gefin þessi dæmi um áhugasvið:

DÆMI UM ÁHUGASVIÐ

- Íslenski hesturinn, hundar, hænur eða önnur dýr
- Flugvélar, bílar, eða eitthvað sem tengist vélum
- Lönd, ferðalög, trúarbrögð, matur, tónlist, íþróttir,...
- Bío myndir, stuttmyndir, bókmenntir...
- Bústörf s.s. mjaltatækni, heyyvinnsla o.fl.
- Matvælaframleiðsla eða bakstur
- Útsaumsverkefni, fatahönnun, þrjónaskapur,
- Fréttamennska
- Starfsemi ýmissa starfsstétta s.s. slökkviliðs, lögreglu, bæjarstjórnar...
- Raforkuver, álver, gagnaver
- Nýsköpun o.fl. o.fl.

Loks var gerður formlegur samningur um verkefnið og var stuðst við þetta form (frá Borgarhólsskóla á Húsavík):



Vinnuáætlun



Nafn/nöfn og bekkur: _____

Viðfangsefni:



Hvernig ætla ég að afla mér upplýsinga um efnið:



Skil á verkefninu:



Undirskrift kennara: _____

Unnið var í stökum kennslustundum þrisvar sinnum í viku í fjórar vikur. Í fimmtu vikunni undirbjuggu nemendur sýningu þar sem afrakstur vinnunnar var kynntur og var foreldrum boðið 29. nóvember.



Afrakstur áhugasviðsverkefnanna kynntur skólafélögum, starfsmönnum og foreldrum.

Verkefnin sem nemendur kusu að fást við reyndust mjög fjölbreytt, eins og hér má sjá:

- PowerPoint-kynning um fótbolta – saga Manchester United
- Kynning á hæstu byggingum heims
- PowerPoint-kynning á Minecraft (tölvuleikur)
- Stuttmynd um píanó og píanóleikur
- Veggspjald um draumafótboltaliðið
- Kynningarbæklingur um Frakkland
- Prezi¹-kynning um Pokemon
- Stuttmynd um knattspyrnu ásamt PowerPoint-kynningu
- Veggspjald um Ísland
- Fríhendisteikningar af Chibi (teiknimyndapersóna)
- PowerPoint-kynning á Hawaii
- Myndband um jeppa og breytingar á jeppum
- Prezi-kynning um Koreu
- Powerpoint kynning um byssur

Námsmat var byggt á sjálfsmati nemenda, jafningjamati, mati kennara á vinnu nemenda jafnt og þétt og loks á sýningu hópanna. Kennararnir unnu úr matinu og tóku það saman og kynntu nemendum á skilafundi, þ.e. á fundi með hverjum hópi.

¹ Prezi er hugbúnaður til að búa til kynningarefni, sjá www.prezi.com

Nemandi/Hópur:

NN og XX

Viðfangsefni:

[Efni]. PowerPoint-sýning.

Sjálfsmat:

Hópurinn lærði mikið af vinnunni og nýttu tímann vel. Fannst verkefnið skemmtilegt og viðfangsefnið áhugavert.

Jafningjamat:

Sýningin var mjög góð í flesta staði, var fræðandi og skemmtileg. Hópurinn talaði mátulega hátt og lengd sýningar var hæfileg.

Mat kennara á sýningu:

Í sýningu var sumum atriðum gerð góð skil og flutningur góður. Sýndu viðfangsefninu áhuga en hefðu getað komið meira efni til skila og höfðu þökkalegt vald á viðfangsefninu.

Mat kennara á vinnu:

Áhuginn var mikill á viðfangsefninu en hefðu getað sýnt meira frumkvæði í vinnubrögðum. Áttu erfitt með að vinna sjálfstætt en sýndi nokkra kurteisi og oftast tillitssamir. Þegar unnið var vel skapaðist góður starfsandinn nýttu tímann ekki nógu vel. Vinnuframlag skiptist ójafnt á milli hópmeðlima.

Mikill áhugi var á viðfangsefninu en það skilaði sér lítið í vinnuna við verkefnið sjálft. Hefði mátt skipuleggja sig betur og halda sig við efnið. Sýningin var í heild sinni ágæt en bar merki um metnaðarleysi. Oftast jákvæðir. Hlökkum til frekara samstarfs.

Árni Davíð og Vílborg

Dæmi um umsögn sem lögð var fram á skilafundi. Heiti nemenda og viðfangsefnis hefur verið fellt brott og sömuleiðis mynd af nemendum við að skila verkefninu

Mat á því hvernig til tókst

Að mati kennaranna vakti verkefnið áhuga nemenda á að vinna með áhugasvið sín. Flestir hópar unnu af kappi eftir að vinna var hafin. Þá voru kennarar sáttir við námsmatið og þátt foreldra.

Á hinn bóginn var það mat þeirra að of langt tímabil hefði verið áætlað í verkefnið og eins hefði kveikjan að verkefninu þurft að vera áhugaverðari. Þá skiptu tveir hópar um verkefni á miðri leið.

2. Heimabyggðin mín

Í þessu verkefni var byggt á hugmyndum frá Landsbyggðarvinum (<http://www.landsbyggdarvinir.is/>).

Markmið verkefnisins:

- að gera *heimabyggðina, nærumhverfið*, að betri stað til að búa á og eftirsókarverðari stað til að flytjast til
- að hver og einn *fái notið sín* á eigin forsendum og að frumkvæðið komi frá þátttakendum sjálfum

Um leið komast þátttakendur ekki hjá því að kynnast heimabyggð sinni með öðrum hætti en verið hefur, því að þeir þurfa að leita upplýsinga, t.d. hjá eldra fólki, svo sem afa og ömmu,

og yfirvöldum, greina hlutina og hugsa upp á nýtt, skoða hvað megi fara betur og hvernig nemendur sjálfir geti stuðlað að því að ofangreindu takmarki sé náð.

Verkefnið skiptist í tvo hluta.

Fyrri hlutinn var einstaklingsverkefni. Nemendur í 10. bekk skrifuðu ritgerðir en nemendur í 8.–9. bekk gátu valið milli þess að skrifa ritgerð eða halda PowerPoint kynningu.

Ritgerðarverkefnið var skilgreint eins og hér má sjá úr leiðbeiningum frá Landsbyggðarvinum:

Fyrri hlutinn – Ritgerðarvinnunni má skipta í þrjá þætti: Inngang, meginmál og lokaorð.

Inngangur:

- Hver ert þú og hvar býrðu – staður (hverfi)/skóli?
- Hvað finnst þér gott við skólann þinn/staðinn/hverfið?
- Byr staðurinn/hverfið yfir sérstökum (náttúru-) gæðum?
- Hefur skólinn þinn einhverja sérstöðu miðað við aðra skóla?

Meginmál:

- Góðar hugmyndir þínar (1 eða fleiri) og tillögur til úrbóta (ætla þ. þætti nokkrar vikur)
- Finnst þér, að pabbi og mamma **megi gera betur** eða skólinn þinn eða yfirvöld til þess, að þér líði betur og til að góðir eiginleikar þínir fái notið sín betur?
- Hvað getur þú** lagt af mörkum til að svo verði? –

Lokaorð:

- Hvernig var að taka þátt í þessu verkefni?
- Veistu meira um svæði þitt á eftir?
- Ertu ánægðari með heimabyggð þína eftir að hafa tekið þátt í þessu verkefni?
- Heldur þú, að það skipt einhverju máli** að vera að leggja á sig þetta verkefni?
- Hvað verður gert við þessa vinnu okkar?
- Hvað sérðu inni í myndinni til að koma þessu á framfæri:
 - Til yfirvalda?
 - Til unglinga og almennings í heimabyggð þinni?

Unnið var samfelmt tvisvar sinnum í einn og hálfan dag og síðan fengu nemendur nokkrar kennslustundir til að ljúka verkefninu. Í lokin völdu kennarar sex verkefni og skiluðu inn til dómnefndar á vegum Landsbyggðarvina. Nemandi í 10. bekk fékk sérstaka viðurkenningu fyrir verkefni sitt og var boðið suður til Reykjavíkur til að kynna það.

Í seinni hlutanum var lagt fyrir nemendur að vinna að átaksverkefni sem gæti nýst íbúum byggðalagsins. Kennarar völdu verkefni úr fyrri hlutanum. Verkefnin valin eftir efnispáttum og hversu raunhæf þau voru. Sex verkefni urðu fyrir valinu. Unnið var í samliggjandi kennslustundum þar sem nemendur unnu að hönnun hugmynda sinna, gerðu kostnaðaráætlanir og teiknuðu upp hugmyndir sínar þar sem það átti við. Í nokkrum tilvikum höfðu þau samband við ýmsa aðila til að fá upplýsingar og gögn og eins rituðu nokkrir hópar erindi til sveitastjórnar.

Verkefnin sem nemendur fengust við voru þessi:

- Aparóla
- Hamstrahjól
- Bæklingar um ferðamál
- Göngustígur út hafnargarðinn
- Skatepark

- Krossarabaut, aðstaða (þessu verkefni tókst ekki að ljúka)

Í miðju verkferlinu var opið hús þar sem nemendur kynntu sín verkefni og sátu fyrir svörum. Vinnunni lauk síðan með því að verkefnin voru kynnt fyrir dómnefnd sem sett var saman af Landsbyggðarvinum. Dómnefndin gaf hverju verkefni umsögn og efstu þrjú sætin fengu viðurkenningu. Tveir fulltrúar þess hóps er hlaut fyrsta sætið fóru til Reykavíkur og kynntu verkefnið sitt fyrir annarri dómnefnd og þátttakendum úr öðrum skólum. Eitt verkefnið liggur, þegar þetta er ritað, fyrir Umhverfisnefnd sveitarfélagsins og bíður umsagnar. Loks er þess að geta að framkvæmd hefur þegar hafist á tveimur verkefnum

Mat á því hvernig til tókst

Mat kennara er að verkefnið hafi í heild gengið vel. Margir nemendur voru jákvæðir og áhugasamir og lögðu alúð í verkefnin. Ekki fer á milli mála að verkefnið vakti marga nemendur til umhugsunar um hversu mikil áhrif þeir geta sjálfir haft á sitt umhverfi. Þá fengu nemendur mikilvæga þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Nokkru skiptir að verkefnið vakti jákvæða athygli í nær- og fjærsamfélagi skólans.

Það sem tókst síður var að of margir nemendur voru óvirkir. Þá var miður að kynning á því verkefni sem lengst var komið og einna mest vinna hafði verið lögð í, tókst ekki sem skyldi.

Úr umsögn Páls Jakobs Línalds, formanns dómnefndar Landsbyggðarvina um verkefnið:

Heimabyggðin mín - Grunnskólinn á Þórshöfn - 18. apríl 2013

Frumkvæði og framtakssemi er þau orð sem komu fyrst upp í hugann eftir að hafa hlýtt á erindi fimm hópa nemenda Grunnskólans á Þórshöfn ... Viðfangsefnið skipti nemendum klárlega miklu máli.

Öll fimm verkefnin - hamstrahjól, skatepark, aparóla, göngustígur út hafnargarðinn og ferðamála verkefni - voru unnin af miklum metnaði og einlægni. Það kom skemmtilega á óvart hversu langt úrfærsla margra verkefna var á veg komin - búið var að leita upplýsinga, leita að hentugri staðsetningu, tala við yfirvöld, leita styrkja, taka myndir, útbúa teikningar, verklýsingar, bæklinga og tölvulíkon, reikna út kostnað, safna efni og óska eftir samstarfi og aðstoð við framkvæmdir. Einnig var ánægjulegt að sjá hvernig ólíkir aldurshópar unnu saman að verkefnunum og að þrjú hópar samanstóðu af nemendum af báðum kynjum. Undirtektir kennara og annarra fundarmanna voru afar jákvæðar og full ástæða að vænta þess að hugmyndirnar verði studdar með ráðum og dáð svo þær komist til framkvæmda hið fyrsta.

Í Grunnskólanum á Þórshöfn var árangur af starfi Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni mjög áþreifanlegur og augljóst að til skila hafði komist sá mikilvægi lærdómur að hvert og eitt okkar getur stigið fram með hugmyndir og lagt lóð sín á vogarskálar bættis samfélags ...

3. Áhugasviðsverkefni að vori

Þriðja verkefnið sem ráðist var í undir merkjum þróunarverkefnisins var áhugasviðsverkefni sem nemendur fengu að glíma við í maímánuði. Nemendur fengu frjálst val um viðfangsefni og framsetningu og máttu að eigin vali vinna einir, tveir saman eða í hópum. Unnið var samfelt í tvo og hálfan dag og eins gátu þeir sem vildu unnið hálfan dag í viðbót og náðu flestir að ljúka verkefnum sínum á þessu tíma. Margir hópanna kusu að nýta tæknina við úrvinnslu, svo sem mynda- og upptökuvélar, spjaldtölvur og fartölvur.

Verkefninu lauk með kynningu í félagsheimilinu 16. maí og var foreldrum boðið, sem og eldri borgurum. Foreldrar létu ekki á sér standa og mættu vel og einnig létu nokkrir eldri borgarar sjá sig.

Vekefnin sem nemendur kusu að fást við voru þessi:

- Stuttmynd – „Fokk já“
- PowerPoint-kynning og myndband um hárgreiðslu og förðun
- Kvikmynd um íþróttافرæði þar sem m.a. var byggt á viðtölum. Einnig var dreift efni með hugmyndum handa þeim sem vilja hefja lífstílsbreytingu
- Matreiðsluþáttur
- Teikniverkefni þar sem notað var forrið SketchUp. Verkefnið fjallaði um húsaþyrpingu í bænum og var m.a. fluttur fróðleikur um húsin
- Tímarit um Björgunarsveitina Hafliða. Nemendur tóku viðtöl við björgunarfólk og settu inn myndir af atburðum.
- Stuttmynd – „Dagur unglings“
- Myndband um Pokemon
- Kynning á AFS
- Frihendisteikningar af þremur húsum í þorpínu
- Stuttmynd: „Football skills“
- Myndir og myndband úr sauðburði

Námsmat

Sem fyrr var byggt á fjölbreyttu námsmati. Kennarar lögðu mat á verkefnið, nemendur skiluðu sjálfsmati og jafningjamati. Sýnishorn af matsblöðum, sem stuðst var við, fara hér á eftir. Því skal haldið til haga að hér er byggt á fyrirmyndum frá Borgarhólsskóla á Húsavík.



Mat kennara á vinnu

Nafn _____ bekkur _____



	Til fyrirmyndar	I lagi	Þarf að bæta
Ahugi og frumkvæði	Ha fði mikinn áhuga á verkefnum og sýndi frumkvæði.	Ha fði lítinn áhuga á verkefnum og sýndi lítið frumkvæði.	Ha fði ekki áhuga á verkefnum og sýndi ekki frumkvæði.
Sjálfstæði	Sýndi sjálfstæði í vinnubrögðum.	Sýndi oftast sjálfstæði í vinnubrögðum.	Atti erfitt með að vinna svona sjálfstætt.
Kurteisi og tillitssemi	Sýndi alltaf kurteisi og tillitssemi.	Sýndi nokkra kurteisi og var oftast tillitsamur.	Oft ókurteis og tillitslaus.
Samvinna og starfsandi	Vann vel og skapaði góðan starfsanda.	Vann fremur vel og skapaði nokkuð góðan starfsanda.	Vann ekki nógu vel og lagði sig ekki fram um að skapa góðan starfsanda.
Vinnuframlag	Vinnuframlag skiptist ja fnt á milli allra í hópnum.	Vinnuframlag skiptist nokkuð ja fnt á milli allra í hópnum.	Vinnuframlag skiptist ójafnt á milli hópmeðlima.

Undirskrift:

Matslisti 1



Mat kennara á sýningu

Nöfn _____

Verkefni _____ dags. _____

	Til fyrirmyndar	I góðu lagi	Getur gert betur	Þarf að bæta
Efnisþættir	I kynningu var öllum atriðum gerð mjög góð skil.	I kynningu var flestum atriðum gerð góð skil.	I kynningu var sumum atriðum gerð góð skil.	I kynningu var fáum atriðum gerð góð skil, kynningu var ábótavart.
Gögn	Flytjandi var með öll gögn og notaði þau á viðeigandi hátt.	Flytjandi var með flest gögn og notaði þau að einhverjuleyti vel.	Flytjandi hefði mátt nota fleiri gögn og nýta gögn sín betur.	Flytjandi notaði fá gögn.
Flutningur	Flutningur var mjög góður.	Flutningur var góður.	Flutningur hefði mátt vera betri.	Flutningur var ekki nógu áhugaverður.
Ahugi og athygli	Flytjandi sýndi viðfangsefniinu mikinn áhuga og hélt athygli áheyrenda allan tímann.	Flytjandi sýndi viðfangsefniinu áhuga og náði oftast til áheyrenda	Flytjandi sýndi viðfangsefniinu oftast áhuga og náði stundum til áheyrenda	Flytjandi sýndi viðfangsefniinu lítinn áhuga og kom efninu ekki til skila.
Heildarmat	Nemendur hafa gott vald á viðfangsefniinu.	Nemendur hafa þokkalegt vald á viðfangsefniinu.	Nemendur hafa vald á sumum þáttum viðfangsefnisins.	Nemendur hafa lítið vald á viðfangsefniinu.

Undirskrift:

Matslisti 2



Áhugasviðsverkefni – Sjálfsmat nemanda

Nafn: _____

1. Mér finnst að ég hafi lært	ekkert svolítið mikið	af þessu verkefni.
2. Mér finnst ég hafa nýtt tímann	Mjög vel vel ágætlega illa	í þessu verkefni.

3. Það besta/skemmtilegasta við þetta verkefni var _____

4. Það versta/leiðinlegasta við þetta verkefni var _____

5. Eg myndi vilja breyta þessu verkefni. Já ___ Nei ___

Hvémig? _____

6. Það sem mér finnst að ég gæti ha fært betur var _____

7. Það sem mér finnst að hafi verið best hjá mér var _____



Áhugasviðsverkefni - Jafningjamat

1. Hvað heitir okkar hópur/ég? _____
2. Hvem/hverja er verið að meta? _____
3. Um hvað fjallaði áhugasviðið? _____
4. Á hvaða fomi var kymmingin?

	Powerpoint
	myndband
	söngur
	leikþáttur
	bók
	veggspjald
	bæklingur

Annað, hvað? _____

5. Hvemig fannst þér/hóprum kymmingin vera? (*Settu X fyrir framan viðeigandi atriði*)

Þautöluðu		of hátt		mátulega hátt		of lágt
Þautöluðu		of hratt		mátulega hratt		of hægt
Sýningin var		of löng		mátulega löng		of stutt
Var sýningin fræðandi		mjög		nokkuð		lítið
Sýningin var litrík og skemmtileg		mjög		nokkuð		lítið
Áhugi minn á sýningunni var		mikill		nokkur		lítill
Jákvæðni mín var		mikil		nokkur		lítill

6. Í heildina fannst mér/hóprum sýningin
 _____ mjög góð _____ ágæt _____ ekki góð

7. Athugasemdir:

Mat á því hvernig til tókst

Mat kennaranna var að þetta verkefni hefði tekist afar vel og nemendur unnið það sjálfstætt og verið jákvæðir. Áhugi nemenda birtist m.a. í því að sumir kusu líka að vinna það heima eftir skóla. Foreldrar lögðu mörgum verkefnanna lið og sýndu þeim áhuga. Þá nýttist nemendum vel ýmis tækjabúnaður, t.d. spjaldtölvur og fartölvur. Áhugavert var að margir nemendur sýndu hæfileika og ábyrgð, sem ekki höfðu komið fram í hefðbundnu skólastarfi. Loks tengdist verkefnið samfélaginu með skemmtilegum hætti.

Grunnskólinn á Þórshöfn, frétt af starfinu:



Foreldrar fjölmenntu í Þórsver

Það var ákaflega gaman að fylgjast með afrakstri áhugasviðsverkefna unginganna okkar í Þórsveri á fimmtudaginn var. Foreldrar krakkanna fjölmenntu og fylgdust með af áhuga. Við fengum að sjá glæpastuttmynd, dag í lífi unglings, kynningu á skiptinemasamtökunum AFS, kynningu á förðunar- og hárgreiðslunámi, íþróttaiðkun og einkapjálfun, Pokémon, teikningum af nokkrum kennileitum Þórshafnar, kynningu á Gunnarsstöðum, stuttmynd um sauðburð og önnur stuttmynd um bakstur svo nokkuð sé nefnt. Allt mjög skemmtileg og áhugaverð verkefni. Foreldrarnir okkar voru að vonum harla kátir með krakkana sína og kennarar og skólastjórnendur ekki síður!

(17. 5. 2013)

[Til baka](#)

Það sem helst fór miður var að nokkrir nemendur voru óvirkir og tvær kynningar tókust ekki sem skyldi.

Mat á þróunarverkefninu

Meginmarkmið þessa verkefnis var að stuðla að jákvæðari skólabrag, fjölbreyttari kennsluháttum og einstaklingsmiðaðra námi. Þessi markmið voru meðal annars sett í ljósi umfjöllunar í skýrslu úttektaraðila á vegum menntamálaráðuneytisins og til er vitnað í inngangi þessarar skýrslu um mikilvægi þess að efla lýðræðislega þátttöku nemenda, val og verklegt starf og byggja upp faglegra og fjölbreyttara skólastarf (Árný Elíasdóttir og Inga B. Hjaltadóttir, 2011, bls. 51).

Kennarar telja að vel hafi miðað í átt að þessum markmiðum þó að þróunarverkefnið eitt skýri varla eitt og sér þann árangur sem náðst hefur. Mörg önnur lóð eru á þeirri vogarskál. Eftirfarandi atriði má þó engu að síður nefna sem líta má á sem framlag þróunarverkefnisins til þessara umbóta:

- Skólabragur hefur að flestra dómi þróast með jákvæðum hætti. Aga- og samskiptavandamál á mið- og unglingastigi eru orðin vel viðráðanleg. Mælingar Skólapúlsins sýna að nemendum líður betur í nemendahópnum.
- Nemendur hafa verið jákvæðir í garð þessara verkefna og þeir hafa fengið tækifæri til að fást við verkefni á eigin áhugasviði.
- Val nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi hefur verið mikilvægur þáttur í þróunarverkefnunum og þar hafa verið merkjanlegar framfarir milli einstakra verkefna, t.d. á unglingastiginu.
- Hópvinna hefur verið snar þáttur í mörgum verkefnanna, en áriðandi er að hún verði stærri hluti af hinu almenna skólastarfi.
- Verkefnin hafa reynt á hæfni nemenda í tjáningu.
- Innleiðing *Byrjendalæsis* miðar vel; lestrarkennslan er markvissari og fjölbreyttari og nemendur virkari í náminu.
- Mörg verkefnanna hafa styrkt tengsl við grenndarsamfélagið og nemendur hafa fengið að kljást við verkefni sem hafa raunverulega þýðingu.
- Verkefnin hafa flest eflt samstarf við foreldra og viðhorf þeirra til þessa starfs hafa verið mjög jákvæð.
- Mörg verkefnanna hafa stuðlað að samþættingu námsgreina og hefur samþættingin einnig náð til skapandi þátta. Nefna má vinnu með ólíka miðla, kvikmyndagerð, líkanagerð, veggspjöld, vinnu með ýmis forrit, myndræna tjáningu, sýningar, leiklist og hönnun.
- Kennarahópurinn hefur öðlast meira öryggi í framkvæmd þróunarverkefna.
- Vinnan við þróunarverkefnið hefur verið teymisvinna. Hún er vonandi vísir að þeirri teymisvinnu sem vænst er að verði lögð til grundvallar í þróun starfs í skólanum á næstu misserum.

Við mat á þessu verkefni verður að líta til þess að sumir voru að stíga sín fyrstu skref í þróunarstarfi. Þá voru í hópnum nokkrir leiðbeinendur að vinna við kennslu í fyrsta skipti. Þessi góði árangur er í því ljósi enn meira fagnaðarefni.

Vakin er athygli á því að margt af því sem áunnist hefur fellur vel að ákvæðum námskrár um lykilhæfni. Hér má nefna tjáningu, skapandi hugsun, samvinnu, vinnu með ólíka miðla og ábyrgð nemenda á eigin námi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011 og 2013, bls. 55).

Vinna við þróunarverkefni tekur alltaf á og þar skiptast á skin og skúrir. Í byrjun fylgir því oft mikið vinnuálag og gildi það einnig um þessi verkefni. Þá varð innleiðing *Byrjendalæsis* fyrir nokkrum skakkaföllum vegna mannbreytinga.

Það eru nokkur vonbrigði að mælingar með könnun Skúlapúlsins í 6.–10. bekk sýna ekki merkjanlegar framfarir á ýmsum mælingum, eins og vænst var. Gerðar voru tvær kannanir, önnur í október 2012 og hin í apríl 2013. Niðurstöður ýmist standa í stað eða sýna afturför þegar til dæmis er spurt er um stjórn nemenda á eigin árangri, þrautseigju í námi, trú á eigin vinnubrögð í námi, virka þátttöku í tímum, sjálfsálit og námsgetu. Munurinn er lítill, en það veldur vonbrigðum að sjá ekki jákvæða þróun. Hana má hins vegar sjá í svörum um ánægju af lestri sem hefur aukist, sem og stjórn nemenda á eigin lífi. Þá hefur dregið úr einelti og samsömun við nemendahópinn aukist.

Áriðandi er að láta ekki deigan síga þrátt fyrir þessar niðurstöður. Þær eiga að vera starfsfólki brýning til að setja sér þau markmið að hér verði á jákvæð breyting. Og hafa verður í huga hvað þróunarverkefnið varðar, að ekki er t.d. víst að nemendur hafi litið sérstaklega til þeirra verkefna meðan þeir svöruðu könnunum Skúlapúlsins. Þegar þær voru gerðar voru nemendur á unglíngastigi ekki að fást við verkefni sem tengdust þróunarverkefninu.

Framundan er áframhaldandi þróunarstarf. Verkefnið mun halda áfram og tengjast bættri skólamenningu og innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Áriðandi er að starfsfólk dragi ályktanir af þeirri reynslu sem fengist hefur í þeim verkefnum sem lýst hefur verið í þessari skýrslu. Hún er góður grunnur að byggja á.

Heimildir sem vísað er til

Aðalanámskrá grunnskóla: Almennur hluti. (2007). Reykjavík: Menntamálaráðuneyti.

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011. Greinasvið 2013. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Árný Elíasdóttir og Inga B. Hjaltadóttir. (2011). *Athugun á starfssemi Grunnskólans á Þórshöfn.* Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík: Attentus.

Lilja M. Jónsdóttir. (1996). *Skapandi skólastarf.* Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Háskólinn á Akureyri. (2009). Upplýsingar til foreldra um byrjendalæsi. *Byrjendalæsi*, 3(3), 1–4.